REGLUGERÐ

um Tryggingarsjóð viðskiptabanka.

1. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur að markmiði að tryggja full skil á innlánsfé við viðskiptabanka ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. 3. mgr. 47. gr. sömu laga, að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í 10.–12. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Stefnt skal að því að eigið fé Tryggingarsjóðs nemi 1% af heildarinnlánsfé viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan. Ráðherra ákveður nánar þetta hlutfall að fengnum tillögum frá stjórn Tryggingarsjóðs.

Til þess að Trygggingarsjóður geti þegar í upphafi gegnt hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. skal stjórn Tryggingarsjóðs afla ábyrgðaryfirlýsinga frá viðskiptabönkunum fyrir þeim fjárhæðum sem á vantar að eigið fé Tryggingarsjóðs nemi 1% af heildarinnlánsfé, sbr. 1. mgr.

4. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn og þremur til vara. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka og skal annar þeirra koma frá ríkisviðskiptabönkum en hinn frá hlutafélagsbönkum. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Forstöðumanni bankaeftirlitsins er heimilt að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist af Tryggingarsjóði.

5. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðarbók.

6. gr.

Heimilt er að veita stjórn Tryggingarsjóðs þær upplýsingar sem getið er um í 3. og 4. mgr. 45. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

7. gr.

Verkefni stjórnar Tryggingarsjóðs eru eftirfarandi:

1. Gera tillögur til ráðherra um árlegt gjald til Tryggingarsjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr.
2. Sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til Tryggingarsjóðs frá viðskiptabönkunum, sbr. 1. mgr. 3. gr.
3. Afla ábyrgðaryfirlýsinga frá viðskiptabönkunum, sbr. 2. mgr. 3. gr.
4. Taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins, sbr. 8. gr.
5. Taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum, sbr. 10.–12. gr.
6. Semja ársreikning, sbr. 13. gr.
7. Ráða löggiltan endurskoðanda, sbr. 14. gr.
8. Taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingarsjóðs að öðru leyti en talið er upp í 1.–7. tl. hér að framan.

8. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. A. m. k. ¼ hluti af fé sjóðsins skal bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

9. gr.

Ef bú viðskiptabanka er tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptaráðanda þegar að staðreyna heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna hans á innlánsreikningum, að meðtöldum þeim vöxtum og/eða verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafa fallið á þeim degi sem búið var tekið til skipta. Innlánsreikningar í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðir til skráðs gengis íslensks gjaldmiðils þess sama dags. Skal skiptaráðandi tilkynna stjórn Tryggingarsjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

10. gr.

Sé heildarfjárhæð inneigna reiknuð samkvæmt 9. gr., minni en nemur andvirði ⅘ hluta eigna og ábyrgða í eigu Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú viðskiptabankans er tekið til gjaldþrotaskipta, skal Tryggingarsjóður innan tveggja vikna frá því honum berst tilkynning skiptaráðanda stofna sérstakan reikning við Seðlabanka Íslands, sem skiptaráðandi hefur ráðstöfunarrétt yfir, og leggja þar inn heildarfjárhæðina.

11. gr.

Nemi heildarfjárhæð inneigna samkvæmt 9. gr. meiru en andvirði ⅘ hluta eigna og ábyrgða í eigu Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú viðskiptabankans er tekið til gjaldþrotaskipta, ber honum ekki að láta af hendi við skiptaráðanda hærri fjárhæð til ráðstöfunar en hlutfalli þessu nemur. Verður Tryggingarsjóður ekki síðar krafinn um frekari greiðslur vegna viðskiptabankans. Skal skiptaráðandi skipta greiðslu Tryggingarsjóðs hlutfallslega milli eigenda innlánsreikninga þannig að allir fái þeir sama hlutfall inneignarfjárhæðar. Um framkvæmd útborgunar til skiptaráðanda gilda að öðru leyti fyrirmæli 10. gr.

12. gr.

Skiptaráðandi skal greiða eigendum innlánsreikninga inneignarfjárhæð þeirra eða það hlutfall hennar sem greiðsla Tryggingarsjóðs hrekkur til, eigi fyrirmæli 11. gr. við, jafnskjótt og við verður komið eftir að krafa um greiðslu berst. Standi eftir fé á reikningi, sem Tryggingarsjóður stofnar til samkvæmt 10. gr. að fullgreiddum öðrum kröfum eigenda innlánsreikninga en eftirstæðum kröfum þeirra við búskiptin, skal það renna á ný til Tryggingarsjóðs.

Frá því skiptaráðandi greiðir eiganda innlánsreiknings kröfu hans samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. telst Tryggingarsjóður eigandi kröfunnar á hendur þrotabúi viðskiptabankans að því leyti sem krafan hefur greiðst með þessum hætti.

Hafi greiðsla Tryggingarsjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 11. gr., og hrökkvi eignir þrotabús viðskiptabankans ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því skal sú úthlutun úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingarsjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr. deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki sem þarf til að fullnægja öðrum kröfum þeirra vegna innlánsreikninga en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

13. gr.

Reikningsár Tryggingarsjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingarsjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingarsjóðs. Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal birtur í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

15. gr.

Seðlabanki Íslands hefur með höndum vörslu Tryggingarsjóðs gegn þóknun sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er bundin þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 51. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 31. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Björn Líndal.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 53—54. Útgáfudagur 4. febrúar 1986.